

Reykjavík, 14. september 2018

Niðurstaða athugunar á útlánum til lögaðila hjá Íbúðalánasjóði

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á útlánum til lögaðila hjá Íbúðalánasjóði fyrr á árinu, en Íbúðalánasjóður sætir eftirliti Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 11. gr. d. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.

Markmið athugunarinnar var að skoða verklag, utanumhald og eftirlit sjóðsins með útlánum til lögaðila, sbr. 8. kafla laga nr. 44/1998 og reglugerð nr. 1042/2013 um lánveitingar Íbúðalánasjóðs til sveitarfélaga, félaga og félagasamtaka sem ætlaðar eru til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum, ásamt síðari breytingum. Í athuguninni var farið yfir ferlið við útlán til lögaðila, allt frá lánsúmsókn til útgreiðslu lánsins. Til að staðreyna verklag sjóðsins tóku fulltrúar Fjármálaeftirlitsins úrtak úr hópi lögaðila, almennra leigufélaga, sem nýlega höfðu fengið lánað frá sjóðnum. Úrtakið náði til þriggja einkahlutafélaga.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í september 2018. Helstu niðurstöður voru þær að skilyrði reglugerðar 1042/2013 voru ekki að fullu uppfyllt við tímamark lánveitinga. Einkum var um að ræða að lánsúmsækjendur höfðu ekki skilað inn til sjóðsins þeim fylgigögnum sem reglugerðin áskilur að skuli fylgja með lánsúmsóknum. Þá var verklagi við úrvinnslu lánsúmsókna til leiguíbúða ábótavant og ekki í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, sbr. 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Gerði Fjármálaeftirlitið athugasemdir við framangreind atriði vegna úrvinnslu lánsúmsókna þeirra þriggja einkahlutafélaga sem voru í úrtakinu.

Fjármálaeftirlitið gerði kröfu um að Íbúðalánasjóður geri viðeigandi úrbætur vegna framangreindrar athugasemdar. Óskað var eftir því að innri endurskoðandi sjóðsins framkvæmdi úttekt á úrbótum og skilaði Fjármálaeftirlitinu greinargerð í kjölfarið.